

213. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGINN 11. FEBRÚAR 2014 KL 9

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Kirkjuþing. Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings
 - a) Kirkjuþing 2013, 7. og 8. mars nk. mál á kirkjuþingi (minnisblað forsætisnefndar)
 - b) Ný þingmál:
 - Tillaga til þingsályktunar um sölu fasteignar í eigu kirkjumálasjóðs. Heimild kirkjuþings til að selja prestsbústaðinn á Neskaupsstað.
 - Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007. Nýtt Dalvíkurprestakall (Dalvík, Möðruvellir, Hrísey).
 - c) Erindi innanríkisráðuneytis vegna þingsályktunar um frumvarp til breytinga á Þjóðkirkjulögum.
3. Skálholt.
 - a) Bráðabirgðarekstaryfirlit 2013 vegna rekstrar Skálholts.
 - b) Skipun stjórnar Skálholts.
 - c) Erindi frá Skálholtsbónda - uppsögn ábúðar.
 - d) Auglýsing vegna tilboða í rekstur Skálholtsskóla og skilmálar.
 - e) Erindi frá skólaráði Skálholtsskóla
4. Fasteignir.
 - a) Hraungerði, kauptilboð í lóðir.
 - b) Prestsbústaður í Þorlákshöfn. Heimild kirkjuráðs til að selja húsið.
 - c) Laufás, lóðarleigusamningur vegna fjarskiptamannvirkis.
 - d) Leigusamningur um prestssetursjörðina Möðruvelli í Hörgárdal
 - e) Kauptilboð ásamt verðmati í Prestsbústaðinn í Grindavík
 - f) Erindi frá fasteignanefnd
 - g) Erindi frá sr. Geir Waage. Óskar eftir úttekt á stað og embætti
5. Fjármál.
 - a) Þjóðkirkjan 06-701 – ársreikningur 2012 og endurskoðunarskýrsla 2012.
 - b) Kirkjumálasjóður 06-705 – ársreikningur 2012.
 - c) Skálholtsstaður –endurskoðunarskýrsla.
 - d) Standarkirkja – ársreikningur og endurskoðunarskýrsla.
 - e) Strandarkirkjugarður – ársreikningur og endurskoðunarskýrsla.
 - f) Fjárhagsáætlanir nefnda
 - g) Erindi frá Sálmaþókarnefnd
 - h) Úthlutun biskups úr Kynningar- fræðslu- og útgáfusjóður kynnt.

6. Skipun fulltrúa þjóðkirkjunnar í viðræðunefnd um kirkjujarðasamkomulagið. Samningsmarkið kirkjuráðs.
7. Prestþjónusta í Svíþjóð og Danmörku
8. Önnur mál.
 - a) Kirkjuþing unga fólksins 2012, umsagnir um ályktanir þingsins frá Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar.
 - b) Gjaldtaka fyrir kirkjuvörslu.
 - c) Reglur um störf nefnda og stjórna og trúnaðareiður launaðra og ólaunaðra starfsmanna.
 - d) Bygging safnaðarheimilis á lóð Ástjarnarkirkju.
 - e) Bókun prófastafundar vegna erindis Leikmannaráðs til kirkjuráðs.
 - f) Starfsreglur um Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar.
 - g) Sameining Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Hjálparstarfs kirkjunnar
 - h) Erindi frá Lögmannsstofunni, kvörtun, sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir
 - i) Kirkjustarfshópur, umsögn um 31. mál kirkjuþings 2013 um mótun gæðastefnu þjóðkirkjunnar

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, sat fundinn þegar rætt var um málefni kirkjuþings. Er málefni Skálholts var á dagskrá var lesin upp kveðja frá séra Kristjáni Val Ingólfssyni, vígslubiskupi í Skálholti, þar sem fram kom að hann sá sér ekki fært að sitja fundinn sökum embættisanna.

Séra Gísli Gunnarsson vék af fundi kl. 14:00.

Fundurinn hófst á ritningarlestri og bæn.

Fundargerð kirkjuráðsfundar 212 var samþykkt.

2. KIRKJUÞING 2013

- Kirkjuþing 2013.

Kirkjuþing 2013 var sett 16. nóvember sl. og stóðu fundir kirkjuþings til 21. nóvember, en þá var fundi frestað og verður framhaldið 7. og 8. mars nk.

a) Staða mála á kirkjuþingi.

Forseti kirkjuþings lagði fram til kynningar minnisblað forsætisnefndar, um stöðu mála á kirkjuþingi.

b) Tvö ný þingmál verða lögð fram á kirkjuþinginu, en þau eru:

Tillaga til þingsályktunar um sölu fasteignar í eigu kirkjumálasjóðs. Fasteignanefnd óskar eftir heimild til að selja prestsbústaðinn á Neskaupsstað, en samþykki kirkjuþings þarf að liggja fyrir svo það sé heimilt. Kirkjuráð mun flytja málið á kirkjuþingi, að fengnu samþykki forsætisnefndar.

Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007. Tillagan felur í sér sameiningu Dalvíkur-, Hríseyjar og Möðruvallarprestakalla og með málinu fylgja umsagnir safnaðarfunda. Biskup mun flytja málið á kirkjuþingi, að fengnu samþykki forsætisnefndar.

Kirkjuráð óskaði eftir afbrigðum frá þingsköpum vegna þessara tveggja ofangreindra mála, svo heimilt verði að taka þau á dagskrá yfirstandandi þings. Forseti þingsins tók jákvætt í þá beiðni og mun leggja hana fyrir forsætisnefnd kirkjuþings til afgreiðslu.

c) *Erindi innanríkisráðuneytis, vegna tillagna kirkjuþings um breytingar á þjóðkirkjulögum.*

Kirkjuþing 2013 samþykkti tillögur til breytinga á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Tillögurnar hafa verið sendar innanríkisráðherra, ásamt beiðni um að ráðherra flytji breytingartillögurnar á Alþingi.

Í erindi ráðuneytisins eru tilgreind nokkur álitamál vegna frumvarpsins sem ráðuneytið óskar eftir að fá að vinna betur með fulltrúum kirkjunnar til að unnt verði að leggja málið fyrir Alþingi. Einnig kom fram í erindi ráðuneytisins ósk eftir afstöðu kirkjuráðs til þess hvort álitaeftir þau, sem það varpaði fram í erindinu, væru þess eðlis að unnt væri að vinna áfram að frumvarpinu án þess að leggja það fyrir kirkjuþing að nýju.

Að mati kirkjuráðs og forseta kirkjuþings eru breytingar þær við frumvarpið, sem ráðuneytið leggur til, ekki þess eðlis að nauðsynlegt sé að bera þær undir kirkjuþing. Kirkjuráð og forseti telja að um sé að ræða eðlilegar breytingar til skýringa á efni tiltekinna lagagreina svo og orðalagsbreytingar sem einungis séu til bóta.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra kirkjuráðs og Ásbirni Jónssyni, hrl. og kirkjuráðsmanni, að funda með fulltrúum ráðuneytisins og ljúka málinu, að teknu tilliti til athugasemda ráðuneytisins.

3. SKÁLHOLT

a) *Bráðabirgðarekstaryfirlit 2013 vegna reksturs Skálholts.*

Fjármálastjóri kynnti bráðabirgðarekstraryfirlit 2013, vegna reksturs Skálholts.

b) *Skipun stjórnar Skálholts.*

Rætt um skipan stjórnar í Skálholti.

Kirkjuráð samþykkti að fresta skipan stjórnar.

c) *Erindi frá Skálholtsbónda - uppsögn ábúðar.*

Guttormur Bjarnason og Signý B. Guðmundsdóttir, ábúendur á jörðinni Skálholti, segja í erindinu upp ábúðarsamningnum og munu samningslok vera frá og með 31. 5. nk.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og séra Gísla Gunnarssyni, kirkjuráðsmanni, að skoða leiðir varðandi áframhald búrekstrar í Skálholti.

d) *- Auglýsing vegna tilboða í gisti- og veitingarekstur í Skálholti, skilmálar og minnisblað Ríkiskaupa.*

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að auglýsingu á gisti- og veitingarekstri í Skálholti.

Framkvæmdastjóri lagði fram gistináttaskýrslu og upplýsingar um dagskrá Skálholts, ásamt minnisblaði frá Ríkiskaupum.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að auglýsa til útleigu gisti- og veitingareksturinn í Skálholti hið fyrsta, með það fyrir augum að nýr rekstraraðili taki við rekstrinum eigi síðar en 1. júní nk. Samþykkt var að auglýsa til leigu Skálholtsskóla, rektorshús og organistahús. Sumarbúðirnar og sumarhúsin þrjú verða undanskilin í auglýsingunni. Heimilað var að fá ráðgjöf og aðstoð hjá Ríkiskaupum vegna gerðar auglýsingar og upplýsingagjafar um það sem á að leigja.

e) - *Erindi frá skólaráði Skálholtsskóla.*

Erindi frá skólaráði Skálholtsskóla lagt fram til kynningar.

4. FASTEIGNIR

a) *Hraungerði, kauptilboð í lóðir, frá sveitarstjórn Flóahrepps.*

Lagt var fram og kynnt tilboð sveitarstjórnar Flóahrepps í tvær spildur í landi fyrrverandi prestssetursjarðarinnar Hraungerðis. Á fundi kirkjuráðs 14. ágúst sl. var sviðsstjóra fasteignasviðs veitt umboð til að vinna að frekari framgangi málsins.

Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteignasviðs að gera sveitarstjórninni gagntilboð.

b) *Prestsbústaður í Þorlákshöfn.*

Kirkjuþing hefur veitt kirkjuráði heimild til sölu prestsbústaðarinnar í Þorlákshöfn.

Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteignasviðs að auglýsa prestsbústaðinn til sölu.

c) *Prestssetursjörðin Laufás. Lóðarleigusamningur vegna fjarskiptamannvirkis og aðstöðu.*

Leigusamningur við Fjarskipti hf., um leigu á afnotum spildu úr landi prestssetursjarðarinnar Laufáss í Grýtubakkahreppi, fyrir tækjahlú og mastur til fjarskiptareksturs, ásamt nauðsynlegum umferðarrétti og rekstraraðstöðu, lagður fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti lóðarleigusamninginn og að fela sviðsstjóra fasteignasviðs að ganga frá lóðarleigusamningnum við Fjarskipti hf.

d) *Prestssetursjörðin Möðruvellir í Hörgárdal.*

Leigusamningur við Landbúnaðarháskóla Íslands, um afnot skólans og reksturs á meginhluta jarðarinnar Möðruvalla I, í Hörgárdal, Hörgársveit, lagður fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteignasviðs að endurskoða leiguverðið til hækkunar og leggja samninginn á ný fyrir kirkjuráð.

e) *Kauptilboð í prestsbústaðinn í Grindavík og verðmat.*

Kirkjuþing hefur veitt heimild til sölu prestsbústaðarinnar í Grindavík og kirkjuráð hefur áður samþykkt að prestsbústaðurinn verði auglýstur til sölu. Lagt var fram til kynningar kauptilboð í prestsbústaðinn.

Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteignasviðs að gera gagntilboð.

f) *Erindi frá fasteignanefnd lagt fram til kynningar.*

Erindi frá fasteignanefnd þjóðkirkjunnar, lagt fram til kynningar, um hvort verja megi hluta söluandvirðis fyrrum prestsbústaða til viðhalds á prestsbústöðum í viðkomandi prófastsdæmi.

Kirkjuráð hefur þegar samþykkt fjárhagsáætlun vegna yfirstandandi árs og gerir fasteignanefnd áætlanir um viðhald innan þess fjárhagsramma.

g) *Erindi frá sóknarpresti Reykholtsprestakalls.*

Lagt var fram erindi frá sóknarpresti Reykholtsprestakalls þar sem hann óskar eftir úttekt á prestssetri og embætti.

Kirkjuráð samþykkti að vísa erindinu til fasteignanefndar þjóðkirkjunnar.

5. FJÁRMÁL

Fjármálastjóri lagði fram gögn og ársreikninga til kynningar og samþykktar kirkjuráðs.

a) Þjóðkirkjan 06-701 – ársreikningur 2012 og endurskoðunarskýrsla 2012.

Kirkjuráð samþykkti og undirritaði ársreikninginn.

b) Kirkjumálasjóður 06-705 – ársreikningur 2012.

Kirkjuráð samþykkti og undirritaði ársreikninginn.

c) Skálholtsstaður, endurskoðunarskýrsla lögð fram til kynningar.

d) Strandakirkja, ársreikningur lagður fram til kynningar ásamt endurskoðunarskýrslu.

e) Strandarkirkjugarður, ársreikningur lagður fram til kynningar ásamt endurskoðunarskýrslu.

f) Fjárhagsáætlanir nefnda.

Fjármálastjóri kynnti starfsskýrslur og fjárhagsáætlanir nefnda kirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að hækka fjárhagsramma nefndarstarfanna um 2.050 þ.kr. frá því sem áður hafði verið samþykkt, en fjárhagsrammi nefndastarfanna verður þá samtals 10 m.kr.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálastjóra og embættismönnum Biskupsstofu að ljúka fjárhagsáætlun nefnda kirkjunnar.

g) Erindi frá sálmabókarnefnd.

Erindi frá sálmabókarnefnd lagt fram til kynningar. Fyrirhugað er átak í kynningu á *Sálmum 2013*, sem komu út á liðnu ári og vinnur nefndin einnig að undirbúningi nýrrar sálmabókar.

Nefndin óskar eftir 600 þ.kr. til að vinna að ofangreindum verkefnum á yfirstandandi ári.

Kirkjuráð samþykkti að veita nefndinni 500 þ.kr.

h) Kynningar-, útgáfu- og fræðslusjóður (KÚF).

Biskup Íslands hefur afgreitt umsóknir í Kynningar-, útgáfu- og fræðslusjóð kirkjunnar.

Styrkumsóknir voru upp á tæplega 10 m.kr. en til úthlutunar var 1 m.kr.

Úthlutun biskups var lögð fram til kynningar og hún samþykkt.

6. SKIPUN FULLTRÚA KIRKJUNNAR Í VIÐRÆÐUNEFND UM KIRKJUJARÐASAMKOMULAGIÐ

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að lista upp markmið kirkjunnar í fyrirhuguðum tvíhliða viðræðum ríkis og kirkju um kirkjujarðasamkomulagið, og leggja þau fyrir næsta kirkjuráðsfund. Kirkjuráð samþykkti að fresta skipun fulltrúa kirkjunnar í viðræðunefnd um kirkjujarðasamkomulagið.

7. PRESTSPJÓNUSTA Í SVÍPJÓÐ OG DANMÖRKU

Séra Gísli Gunnarsson kynnti fundargerð nefndar um prestsþjónustu í Danmörku og Svíþjóð frá 8. janúar sl. Hlutverk nefndarinnar var að afla tengsla og upplýsinga um hvernig megi efla kirkjustarf og auka prestsþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og Svíþjóð.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálastjóra að vinna fjárhagsáætlun vegna málsins og kynna hana á næsta fundi kirkjuráðs.

8. ÖNNUR MÁL

a) *Kirkjuþing unga fólksins 2012, umsagnir lagðar fram til kynningar.*

Umsagnir Æskulýðsnefndar þjóðkirkjunnar um ályktanir kirkjuþings unga fólksins 2012, lagðar fram til kynningar og umræðu.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kynna umsagnirnar fyrir forseta kirkjuþings með það fyrir augum að kirkjuþing verði upplýst um að umsagnirnar hafi borist og séu aðgengilegar á skrifstofu þingsins.

b) *Bréf frá Innanríkisráðuneytinu um gjaldtöku fyrir kirkjuvörslu.*

Bréf frá Innanríkisráðuneytinu frá því í október um gjaldtöku sókna vegna kirkjuvörslu, lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu og ítreka afstöðu kirkjuráðs, sem áður hafði verið samþykkt, þess efnis að sóknum kirkjunnar er frjálst að innheimta gjald vegna kirkjuvörslu.

c) *Reglur um störf nefnda og stjórnna og trúnaðareidur launaðra og ólaunaðra starfsmanna.* Reglur um störf nefnda og stjórnna lagðar fram til kynningar og samþykktar ásamt trúnaðareidri launaðra og ólaunaðra starfsmanna þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti reglurnar og að starfsmenn og nefndarmenn kirkjunnar skyldu gangast undir trúnaðareid og að stjórnnum, nefndum og ráðum yrðu afhentar reglurnar um leið og skipun í viðkomandi trúnaðarstarf ætti sér stað.

d) *Fyrirhuguð bygging safnaðarheimilis á lóð Ástjarnarkirkju í Hafnarfirði.*

Bréf frá sóknarnefnd Ástjarnarsóknar lagt fram til kynningar. Sóknarnefnd óskar eftir viðbrögðum kirkjuráðs við byggingaráformum sínum og óskar eftir vilyrði frá kirkjuráði varðandi fjárframlög, næstu ára, til byggingarinnar.

Kirkjuráð mun skoða með opnum huga umsóknir sóknarinnar þegar að fjárþörf kemur. Viðræður eru hafnar við stjórnvöld um endurskoðun innheimtu sóknargjalda. Á meðan á þeirri endurskoðun stendur ríkir óvissa um framtíðarstöðu fjármála þjóðkirkjunnar. Erfitt er því fyrir kirkjuráð að skuldbinda Jöfnunarsjóð sókna til næstu ára. Frá árinu 2008 hefur kirkjuráð að jafnaði ekki veitt styrki úr Jöfnunarsjóði sókna vegna nýframkvæmda og einnig mælst til þess, í ljósi niðurskurðar í fjárlögum frá árinu 2009, að öllum nýframkvæmdum sé frestað og gætt aðhalds í öllum fjárútlátum. Þegar ljóst er hver niðurstaðan verður í viðræðum ríkis og kirkju um endurskoðun sóknargjalda verður fyrri samþykkt kirkjuráðs um ofangreind tilmæli endurskoðuð.

e) *Leikmannastefna, bókun prófastafundar.*

Lögð var fram bókun prófastafundar um kostnað við leikmannastefnu. Þar kemur fram sú beiðni að kirkjuráð greiði allan útlagðan kostnað vegna leikmannastefnu. Samkvæmt lögum

um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 ber þjóðkirkjan ábyrgð á leikmannastefnu alveg eins og kirkjuþingi og prestastefnu og á því að standa straum af kostnaði við allar þessar stofnanir.

Kirkjuráð samþykkti að hækka framlag til leikmannastefnu upp í 1 m.kr. vegna starfsársins 2014.

f) Starfsreglur um æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar.

Lögð var fram tillaga að starfsreglum um æskulýðsnefnd.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til kirkjustarfshóps kirkjuráðs.

g) Fjölskylduþjónusta kirkjunnar (FPK) og Hjálparstarf kirkjunnar (HK).

Biskup kynnti viðræður við forstöðumenn FPK og HK um hugmyndir að samruna FPK og HK. Málið er ekki útrætt og mun umræða fara fram á apríl fundi kirkjuráðs.

h) Bréf frá Lögmannsstofunni lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra kirkjuráðs að svara bréfinu.

i) Fundargerð kirkjustarfshóps kirkjuráðs.

Fundargerð kirkjustarfshóps kirkjuráðs var lögð fram til kynningar, þess efnis að máli kirkjuþings 31/2013 um gæðastefnu þjóðkirkjunnar verði vísað til biskups til framkvæmdar. Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til biskups til framkvæmdar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Næsti fundur ákveðinn 6. mars kl. 13:00

Agnes M. Sigurðardóttir,

Biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson

Biskupsritari